

Júní 1975

28

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

Kjararannsóknarnefnd
Skólavörðustíg 12
Símar 21775 og 21776

F R É T T A B R É F

28

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð
í júlí 1975:

Eðvarð Sigurðsson
Guðmundur H. Garðarsson
Haukur Björnsson
Júlíus K. Valdimarsson
Ólafur Jónsson
Snorri Jónsson (formaður)

Efnisyfirlit:	Bls.
Tímakaup og vinnutími í Reykjavík á 1. ársfjórðungi 1975.	3
Tímakaup - Kaupmáttur.	10
Skráð atvinnuleysi.	22
Samningar 13. júní 1975.	25

Tímakaup og vinnutími verkafólks og iðnaðarmanna í Reykjavík
á 1. ársfjórðungi 1975.

Á tímabilinu 1.ársfjórðungur 1974 til 1.ársfjórðungs 1975 hækkaði taxtakaup verkamanna fimm sinnum, 26. febrúar skv. samningum um 19,1%, 1. mars hækkaði kaupgreiðsluvísitala um 6,18%, 1. október samkvæmt lögum um 9,4% (3.500 kr. á mán.), 1. desember um 2,7% (3% grunnkaupshækkun), og 1. mars 1975 um 11,7% (4.900 kr. á mán.) samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi ASÍ og atvinnurekenda. Samanvegið hefur taxtakaup hækkað um 33,7% frá 1. ársfjórðungi 1974 til 1. ársfjórðungs 1975. Á sama tíma hækkar greitt tímakaup verkamanna í dagvinnu úr kr. 229,85 í kr. 308,85 eða um 34,4%.

Þess ber þó að geta, að áhrifa bráðabirgðasamkomulagsins, sem undirritað var 26. mars 1975 og gilda átti frá 1. mars 1975 gætir lítið, sem ekkert í upplýsingum um greitt tímakaup á 1. ársfjórðungi 1975, þar sem það var yfirleitt ekki greitt út fyrr en í apríl.

Meðaltímakaup hefur hækkað heldur minna eða um 31,6%, og sést af því, að yfirvinna var minni á 1. ársfjórðungi 1975 heldur en á 1. ársfjórðungi 1974.

Tafla 1.1 Hlutfallsleg skipting vinnutíma verkamanna
á 1. ársfjórðungi 1966 - 1975.

	Dvt. %	Evt. %	Nvt. %
1. ársfj. 1975	77,3	13,1	9,6
1. " 1974	73,7	13,6	12,7
1. " 1973	76,5	12,1	11,4
1. " 1972	77,5	12,6	9,9
1. " 1971	80,8	11,3	7,9
1. " 1970	81,3	10,7	8,0
1. " 1969	82,0	10,1	7,9
1. " 1968	80,6	10,9	8,5
1. " 1967	78,6	13,3	8,1
1. " 1966	76,9	13,4	9,7

Tafla 1.2

Hlutfallsleg skipting vinnutíma verka-
kvenna á 1. ársfjórðungi 1966 - 1975.

	Dvt.	Evt.	Nvt.
	%	%	%
1. ársfj. 1975	93,8	3,4	2,8
1. " 1974	87,9	3,6	8,5
1. " 1973	91,8	4,4	3,8
1. " 1972	93,1	3,9	3,0
1. " 1971	95,6	2,9	1,5
1. " 1970	95,8	2,9	1,3
1. " 1969	92,4	4,8	2,8
1. " 1968	94,3	4,7	1,0
1. " 1967	94,1	4,3	1,6
1. " 1966	92,2	5,8	2,0

Tafla 1.3


Hlutfallsleg skipting vinnutíma iðnaðar-
manna á 1. ársfjórðungi 1966 - 1975.

	Dvt.	Evt.	Nvt.
	%	%	%
1. ársfj. 1975	79,9	10,5	9,6
1. " 1974	77,1	12,4	10,5
1. " 1973	77,0	12,0	11,0
1. " 1972	80,9	11,0	8,1
1. " 1971	83,1	11,0	5,9
1. " 1970	84,4	9,6	6,0
1. " 1969	87,6	7,7	4,7
1. " 1968	85,4	9,2	5,4
1. " 1967	83,5	11,1	5,4
1. " 1966	81,8	10,7	7,5

Tölflur 1.1 til 1.3 sýna hlutfallslega skiptingu vinnutíma verksfólks og iðnaðarmanna árin 1966 - 1975. Af þeim sést að hlutur dagvinnu hefur aukist frá því, sem var á árunum 1973 og 1974 og er nú svipaður og 1972.

Athygli skal vakin á því, að við samanburð á tölum 1972 og síðar við tölur fyrir árið 1972 verður að taka tillit til dagvinnutímastyttingarinnar í ársbyrjun 1972.

Línurit 1.1 Hlutfallsleg skipting vinnutíma verka-
fólks og iðnaðarmanna 1966 - 1975.



Á línuriti 1.1 er sýnt á myndrænan hátt hvernig þróunin í skiptingu vinnutímans milli dagvinnu og yfirvinnu hefur verið. Lóðrétti ás myndarinnar sýnir hlutfall yfirvinnu af heildarvinnutímanum en lárétti ásinn 1. ársfj. á tímabilinu 1966-1975.

Tafla 1.4 Ársfjórðungsmeðaltöl fyrir vikulegan
fjölda vinnustunda verkafólks og
iðnaðarmanna 1974 - 1975.

<u>Vog</u>	<u>Verka-</u> <u>menn</u>	<u>Verka-</u> <u>konur</u>	<u>Iðnaðar-</u> <u>menn</u>	<u>Verka- og</u> <u>iðnaðarm.</u>
	48,7	17,2	34,1	100
1. ársfj. 1974	54,3	43,0	51,8	51,5
2. " 1974	56,3	43,5	53,3	53,1
3. " 1974	53,8	43,7	52,8	51,7
4. " 1974	53,7	44,1	52,4	51,6
Ársmeðaltal	54,5	43,5	52,6	52,0
1. ársfj. 1975	50,7	42,3	49,8	48,9

Á töflu 1.4 er sýndur vikulegur greiddur heildarvinnutími verkafólks og iðnaðarmanna mældur í klukkustundum. Greinilegt er, að um verulega styttingu vinnutímans er að ræða á 1. ársfj. 1975 miðað við árið 1974. Þannig er vinnutími verkafólks og iðnaðarmanna 3.1 klst. styttri en ársmeðaltalið 1974 og 2.6 klst. styttri en á 1. ársfj. 1974.

Tafla 2.1

Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1975.

Verkamenn	Heildar- vinnust. pús.	Vog	Tímak. Helgid.		Eftirv. álag kr.	Naturv. álag kr.	Meðal- tímak. kr.
			í dagv. kr.	álag kr.			
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
<u>Alm. verkamannav.</u>							
Fiskvinna	12	6	254,74	11,39	18,38	24,56	309,07
Hafnarvinna	124	19	272,34	11,81	14,51	23,28	321,94
Pakkhúsvinna	19	7	300,29	16,06	12,94	9,83	339,12
Lyftaravinna	39	2	283,90	12,96	15,85	20,99	333,70
Byggingarvinna	11	25	347,21	16,89	27,28	4,55	395,93
Afgreiðslustörf	18	11	338,92	8,68	15,41	50,04	413,05
Bæjarvinna	155	11	275,75	11,45	17,23	14,90	319,33
Verksmiðjuvinna	82	10	279,03	10,07	8,97	15,50	313,57
Slippvinna	27	2	314,17	13,60	23,23	15,11	366,11
Ýmis alm. vinna	56	7	289,51	13,47	15,90	30,16	349,04
Vegið meðaltal	543	100	302,60	12,97	17,97	19,25	352,79
<u>Aðstoð v/fagvinnu</u>							
Málmsmiðar	18	35	334,98	16,31	17,98	25,55	394,82
Trésmiðar	4	38	340,75	18,29	21,73	5,87	386,64
Bifr.sm.og viðg.	14	27	316,05	14,59	20,52	29,52	380,68
Vegið meðaltal	36	100	332,06	16,60	20,09	19,14	387,89
<u>Vélstjórn</u>							
Bílstjórar	87	80	313,28	15,07	12,98	39,75	381,08
Ýtu-og kranastj.	37	20	330,75	14,80	23,65	25,71	394,91
Vegið meðaltal	124	100	316,77	15,02	15,11	36,94	383,84
<u>Samanvegið</u>							
Alm. verkamannav.	543	71	302,60	12,97	17,97	19,25	352,79
Aðstoð v/fagvinnu	36	14	332,06	16,60	20,09	19,14	387,89
Vélstjórar	124	15	316,77	15,02	15,11	36,94	383,84
	703	100	308,85	13,79	17,84	21,89	362,37

Tafla 2.2

Vinnutímatafla - 1. ársfj. 1975.Verkamenn

	<u>Vog</u>	<u>Dvt.</u>	<u>Evt.</u>	<u>Nvt.</u>	<u>Meðalt. vinnust.</u>
	1.	2.	3.	4.	5.
<u>Alm. verkamannav.</u>					
Fiskvinna	6	40,0	8,5	5,6	54,1
Hafnarvinna	19	40,0	5,8	5,5	51,3
Pakkhúsvinna	7	40,0	4,6	1,7	46,3
Lyftarvinna	2	40,0	6,2	4,9	51,1
Byggingarvinna	25	40,0	8,9	1,0	49,9
Afgreiðslustörf	11	40,0	5,0	4,4	49,4
Bæjarvinna	11	40,0	7,2	3,6	50,8
Verksmiðjuvinna	10	40,0	3,4	3,4	46,8
Slippvinna	2	40,0	8,8	3,8	52,6
Ýmis alm. vinna	7	40,0	5,7	7,2	52,9
Vegið meðaltal	100	40,0	6,5	3,7	50,2
<u>Aðstoð v/fagvinnu</u>					
Málsmíðar	35	40,0	6,0	4,6	50,6
Trésmíðar	38	40,0	7,1	0,9	48,0
Bifr.sm.og viðg.	27	40,0	7,7	7,0	54,7
Vegið meðaltal	100	40,0	6,9	3,8	50,7
<u>Vélstjórn</u>					
Bílstjórar	80	40,0	4,3	8,4	52,7
Ýtu-og kranastj.	20	40,0	8,3	5,6	53,9
Vegið meðaltal	100	40,0	5,1	7,8	52,9
<u>Samanvegið</u>					
Alm. verkamannav.	71	40,0	6,5	3,7	50,2
Aðstoð v/fagvinnu	14	40,0	6,9	3,8	50,7
Vélstjórn	15	40,0	5,1	7,8	52,9
Vegið meðaltal	100	40,0	6,4	4,3	50,7

Tafla 2.3

Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1975.

Iðnaðarmenn

Heildar- vinnust. þús.	Vog	Tímak. í dagv. kr.	Helgid. álag kr.	Eftirv. álag kr.	Naturv. álag kr.	Meðal- tímak. kr.
1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.

Tímavinna

Skipasm. og viðg.	19	3	387,37	18,56	25,19	23,22	454,34
Málmsmíðar	72	25	385,02	18,14	22,51	37,97	463,64
Trésmíðar	37	10	404,38	19,15	24,01	7,84	455,38
Húsgagnagerð	16	16	407,49	20,79	21,14	9,24	458,66
Flugvirkjun *	12	2	574,60	22,90	13,55	61,27	672,32
Bifr.sm. og viðg.	27	17	421,92	21,46	19,48	29,28	492,14
Rafvirkjun	28	10	424,83	21,33	25,61	26,63	498,40
Bökunarvinna	4	4	360,52	16,46	8,17	73,28	458,43
Prentun og bókg.	13	13	403,20	23,16	0,00	45,99	472,35
Vegið meðaltal	228	100	406,05	20,24	18,64	30,23	475,16

Tafla 2.4

Vinnutímatafla - 1. ársfj. 1975.

Iðnaðarmenn

	Vog	Dvt.	Evt.	Nvt.	Meðal- vinnust.
	1.	2.	3.	4.	5.
Skipasm. og viðg.	3	40,0	7,6	4,4	52,0
Málmsmíðar	25	40,0	6,3	6,7	53,0
Trésmíðar	10	40,0	7,0	1,1	48,1
Húsgagnagerð	16	40,0	6,0	1,5	47,5
Flugvirkjun *	2	40,0	2,6	6,9	49,5
Bifr.sm. og viðg.	17	40,0	4,9	4,1	49,0
Rafvirkjun	10	40,0	6,6	4,1	50,7
Bökunarvinna	4	40,0	2,2	14,1	56,3
Prentun og bókg.	13	40,0	0,0	5,6	45,6
Vegið meðaltal	100	40,0	5,1	4,7	49,8

* Áætlað.

Tafla 2.5
Verkakonur

Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1975.

	Heildar- vinnust.	Vog	Tímak. Helgid.		Eftirv. álág	Naturv. álág	Meðal- tímak.
			í dagv. bús.	álág kr.			
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
Fiskvinna	16	15	238,01	11,63	12,49	10,97	273,10
Afgreiðslustörf *	3	10	245,34	13,82	2,06	22,62	283,84
Verksmiðjuvinna	103	43	239,47	7,94	2,49	1,42	251,32
Bæjarvinna	16	1	258,01	11,04	2,50	3,60	275,15
Bökunarvinna	5	2	238,60	12,34	5,01	14,41	270,36
Fatasaumur	10	19	239,92	15,16	0,00	0,01	255,09
Prentun og bókag.	6	6	299,43	19,52	0,00	1,34	320,29
Ymis alm. vinna	8	4	275,26	16,46	2,79	13,95	308,46
Vegið meðaltal	167	100	245,12	11,61	3,39	5,48	265,60

Tafla 2.6
Verkakonur

Vinnutímatafla - 1. ársfj. 1975.

	Vog	Dvt.	Evt.	Nvt.	Meðalt.
					vinnust.
	1.	2.	3.	4.	5.
Fiskvinna *	15	40,0	4,8	1,2	46,0
Afgreiðslustörf	10	40,0	0,8	4,8	45,6
Verksmiðjuvinna	43	40,0	1,2	0,1	41,3
Bæjarvinna	1	40,0	1,1	0,5	41,6
Bökunarvinna	2	40,0	2,0	4,2	46,2
Fatasaumur	19	40,0	0,0	0,0	40,0
Prentun og bókag.	6	40,0	0,0	0,2	40,2
Ymis alm. vinna	4	40,0	1,0	2,8	43,8
Vegið meðaltal	100	40,0	1,4	0,9	42,3

* Áætlað.

Tímakaup - Kaupmáttur.

Tölflur 3.1, 3.2 og 3.3 sýna greitt tímakaup verkamanna, verkakvenna og iðnaðarmanna samkvæmt úrtaki Kjararannsóknarnefndar, allar tölur eru án orlofs.

Tafla 3.4 sýnir vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu vöru og þjónustu. Ársmeðaltal 1971 er sett = 100.

Tölflur 3.5, 3.6 og 3.7 sýna kaupmátt greidds tímakaups verkamanna, verkakvenna og iðnaðarmanna miðað við vísitölu framfærslukostnaðar annars vegar og vísitölu vöru og þjónustu hins vegar.

Í samanburði á kaupmætti fyrir og eftir 1. ársfj. 1972 skal það undirstrikað, að hér er um að ræða kaupmátt tíma-kaups og verkar því vinnutímastyttingin til hækkunar sem ekki hefði verið ef miðað hefði verið við vikukaup.

Við útreikning á kaupmætti á 2. ársfj. 1974 og síðar kæmi etv. til álita að taka ekki tillit til þeirra hækkana á vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu vöru og þjónustu sem stöfuðu af hækkun söluskatts 25. mars 1974, þar sem sú hækkun var talin bætt með lakkun tekjuskatts. Þetta er þó ekki gert hér, af því leiðir að kaupmáttur er hér talinn nokkru lægri en ella.

Þess skal getið að á 3. ársfj. 1972 voru teknar upp nýjar vogir fyrir verka- og iðnaðarmenn. Nýju vogirnar leiddu í ljós að tímak. verkamanna var vanmetið um ca. 1%, en tímak. iðnaðarmanna var fyrir þann tíma ofmetið um ca. 3%.

Kauphækkun sú sem um var samið 26. mars og greiddast átti frá 1. mars, er ekki inn í þessum ársfjórðungi þar sem fyrirtækin greiddu þessa kauphækkun yfirleitt ekki fyrr en í apríl.

TÍMAKAUP
VERKAMENN

TAFLA 3.1	Tímak.	Meðaltíma kaup		Hlutfallsleg breyting		
	í dagv.	án hd.	m.hd.	1.	2.	3.
	kr.	kr.	kr.	%	%	%
	1.	2.	3.	4.	5.	6.
1963	32,50	38,75		-	-	-
1964	41,25	48,60		26,9	25,4	-
1965	49,00	57,87		18,8	19,1	-
1966	58,82	68,82	70,20	20,0	18,9	-
1967	62,40	72,07	73,82	6,1	4,7	5,2
1968	66,12	76,19	78,28	6,0	5,7	6,0
1969	76,83	86,37	88,92	16,2	13,4	13,6
1970	93,98	106,36	108,80	22,3	23,1	22,4
1971	1. ársfj. 105,52	116,93	118,03	-	-	-
	2. " 105,33	122,69	130,92	- 0,2	4,9	10,9
	3. " 106,99	122,78	122,78	1,6	0,1	- 6,2
	4. " 110,64	124,43	126,07	3,4	1,3	2,7
	Ársm.t. 107,12	121,71	124,45	14,0	14,4	14,4
1972	1. ársfj. 125,58	142,54	145,26	13,5	14,6	15,2
	2. " 134,83	159,81	166,71	7,4	12,1	14,8
	3. " 145,73	165,99	165,99	8,1	3,9	- 0,4
	4. " 149,93	172,22	175,45	2,9	3,8	5,7
	Ársm.t. 139,02	160,14	163,35	29,8	31,6	31,3
1973	1. ársfj. 152,80	173,89	177,15	1,9	1,0	1,0
	2. " 168,36	200,62	209,36	10,2	15,4	18,2
	3. " 178,23	209,48	209,48	5,9	4,4	0,1
	4. " 192,19	227,25	232,70	7,8	8,5	11,1
	Ársm.t. 172,90	202,81	207,17	24,4	26,6	26,8
1974	1. ársfj. 229,85	264,80	267,05	19,6	16,5	14,8
	2. " 265,90	318,52	340,73	15,7	20,3	27,6
	3. " 269,77	313,69	313,69	1,5	- 1,5	- 7,9
	4. " 300,37	349,84	359,45	11,3	11,5	14,6
	Ársm.t. 266,47	311,71	320,23	54,1	53,7	54,6
1975*	1. ársfj. 308,85	348,58	362,37	2,8	- 0,4	0,8

* Samkomulag samningsaðila vinnumarkaðarins frá 26. mars 1975 um 4900 kr. kauphækkun á mánuði, sem greiðast átti í fyrsta skipti fyrir mars-mánuð er ekki inni í þessum ársfjórðungi þar sem fyrir-tækin greiddu þessa kauphækkun yfirleitt ekki fyrr en í apríl.

TÍMAKAUP
VERKAKONUR


TAFLA 3.2	Tímak.	Meðaltíma kaup		Hlutfallsleg breyting		
	í dagv.	án hd.	m.hd.	1.	2.	3.
	kr.	kr.	kr.	%	%	%
	1.	2.	3.	4.	5.	6.
1966	47,04	49,62	50,86	-	-	-
1967	52,20	54,31	55,88	11,0	9,5	9,9
1968	55,04	57,21	59,32	5,4	5,3	6,2
1969	63,94	66,55	69,06	16,2	16,3	16,4
1970	79,41	82,04	84,61	24,2	23,3	22,5
1971	1. ársfj. 86,05	88,47	89,54	-	-	-
	2. " 88,60	93,36	102,28	3,0	5,5	14,2
	3. " 95,69	98,96	98,96	8,0	6,0	- 3,2
	4. " 93,72	98,46	99,84	- 2,1	- 0,5	0,9
	Ársmeðalt. 91,02	94,81	97,66	14,6	15,6	15,4
1972	1. ársfj. 110,20	114,55	117,02	17,6	16,3	17,2
	2. " 119,15	125,20	131,94	8,1	9,3	12,8
	3. " 124,74	129,52	129,52	4,7	3,5	- 1,8
	4. " 124,86	132,06	135,29	0,1	2,0	4,5
	Ársmeðalt. 119,74	125,33	128,44	31,6	32,2	31,5
1973	1. ársfj. 127,25	133,37	136,15	1,9	1,0	0,6
	2. " 140,19	147,53	155,55	10,2	10,6	14,2
	3. " 150,89	157,94	157,94	7,6	7,1	1,5
	4. " 161,49	172,08	177,17	7,0	9,0	12,2
	Ársmeðalt. 144,95	152,73	156,70	21,1	21,9	22,0
1974	1. ársfj. 197,36	212,95	214,96	22,2	23,8	21,3
	2. " 215,68	226,02	247,38	9,3	6,4	15,1
	3. " 217,76	228,12	228,12	1,0	1,0	- 7,8
	4. " 238,55	255,49	263,55	9,5	12,0	15,5
	Ársmeðalt. 217,34	230,65	238,50	49,9	51,0	52,2
1975	1. ársfj. 245,12	253,99	265,60	2,8	- 0,6	0,8

TÍMAKAUP
ÍÐNADARMENN


TAFLA 3.3		Tímak.	Meðaltímakaup		Hlutfallsleg breyting		
		í dagv.	án hd.	m.hd.	1.	2.	3.
		kr.	kr.	kr.	%	%	%
		1.	2.	3.	4.	5.	6.
1963		42,50	46,70	48,00	-	-	-
1964		52,35	58,85	60,50	23,2	26,0	26,0
1965		62,60	72,40	74,42	19,6	23,0	23,0
1966		77,66	88,67	90,82	24,1	22,5	22,0
1967		81,38	92,24	94,63	4,8	4,0	4,2
1968		85,76	95,80	98,88	5,4	3,9	4,5
1969		96,53	106,24	109,85	12,6	10,9	11,1
1970		120,85	133,50	137,05	25,2	25,7	24,8
1971	1. ársfj.	135,89	150,71	152,33	-	-	-
	2. "	139,30	154,31	167,71	2,5	2,4	10,1
	3. "	146,77	165,00	165,00	5,4	6,9	- 1,6
	4. "	147,86	166,17	169,90	0,7	0,7	3,0
	Ársm.t.	142,46	159,05	163,74	17,9	19,1	19,5
1972	1. ársfj.	167,83	188,09	192,25	13,5	13,2	13,2
	2. "	178,96	204,92	215,94	6,6	8,9	12,3
	3. "	187,66	213,20	213,20	4,9	4,0	- 1,3
	4. "	192,27	219,71	224,31	2,5	3,1	5,2
	Ársm.t.	181,68	206,48	211,42	27,5	29,8	29,1
1973	1. ársfj.	195,95	222,51	227,38	1,9	1,3	1,4
	2. "	216,55	250,35	264,13	10,5	12,5	16,2
	3. "	234,61	271,02	271,02	8,3	8,3	2,6
	4. "	258,71	298,78	307,82	10,3	10,2	13,6
	Ársm.t.	226,45	260,67	267,59	24,6	26,2	26,6
1974	1. ársfj.	298,94	339,65	343,04	15,6	13,7	11,4
	2. "	374,54	444,82	480,60	25,3	31,0	40,1
	3. "	377,49	436,53	436,53	0,8	- 1,9	- 9,2
	4. "	398,93	460,08	474,26	5,7	5,4	8,6
	Ársm.t.	362,48	420,27	433,61	60,1	61,2	62,0
1975	1. ársfj.	406,05	454,92	475,16	1,8	- 1,1	0,2

Línurit 3.1

Greitt tímakaup í dagvinnu.



Línurit 3.2 Meðaltíma kaup án helgidagaálags.



(Skali lin x log)

VÍSITÖLUR

1971 = 100

TAFLA 3.4	Framf. kostn.	Vörur og þjónusta	Hækkun %		
			1.	2.	
	1.		3.	4.	
1963	40,5	38,0	-	-	
1964	48,3	45,4	19,3	19,5	
1965	51,7	48,7	7,0	7,3	
1966	57,2	54,9	10,6	12,7	
1967	59,2	56,8	3,5	3,5	
1968	68,3	65,7	15,4	15,7	
1969	83,1	81,5	21,7	24,0	
1970	94,1	93,2	13,2	14,4	
1971	100,0	100,0	6,3	7,3	
1972	1. ársfj.	103,5	107,3	2,5	5,8
	2. "	111,1	114,8	7,3	7,0
	3. "	113,3	117,1	2,0	2,0
	4. "	113,9	118,6	0,5	1,3
	Ársm.t.	110,5	114,5	10,5	14,5
1973	1. ársfj.	121,6	127,9	6,8	7,8
	2. "	131,3	140,0	8,0	9,5
	3. "	137,7	146,2	4,9	4,4
	4. "	148,9	156,7	8,1	7,2
	Ársm.t.	134,9	142,7	22,1	24,6
1974	1. ársfj.	164,6	174,4	10,5	11,3
	2. "	184,7	194,9	12,2	11,8
	3. "	197,8	205,7	7,1	5,5
	4. "	222,5	236,6	12,5	15,0
	Ársm.t.	192,4	202,9	42,8	42,2
1975	1. ársfj.	252,3	267,0	13,4	12,8

Ath: Vísitölurnar eru hér reiknaðar út sem ársmeðaltal og ársfjórðungsmeðaltal, miðað við stöðu þeirra í miðjum mánuði. 1. ársfj. er áætlaður.

KAUPMÁTTUR
VERKAMENN

TAFLA 3.5	Kaupm. miðað við vísit.framf.kostn.		Kaupm. miðað við vísit.v. og þjón.		
	tímak. í dagv.	meðaltk. án hd.	tímak. í dagv.	meðaltk. án hd.	
	1.	2.	3.	4.	
1963	74,8	78,5	79,7	83,7	
1964	79,7	82,6	84,8	87,9	
1965	88,4	91,9	93,8	97,5	
1966	96,0	98,8	100,0	102,9	
1967	98,5	100,0	102,6	104,2	
1968	90,3	91,7	93,9	95,3	
1969	86,3	85,4	88,0	87,1	
1970	93,1	92,7	93,9	93,6	
1971	100,0	100,0	100,0	100,0	
1972	1. ársfj.	113,2	113,1	109,2	109,1
	2. "	113,3	118,2	109,7	114,4
	3. "	120,0	120,4	116,1	116,5
	4. "	122,9	124,2	118,0	119,3
	Ársmeðaltal	117,4	119,1	113,3	114,9
1973	1. ársfj.	117,3	117,5	111,5	111,7
	2. "	119,7	125,5	112,3	117,7
	3. "	120,8	125,0	113,8	117,7
	4. "	120,5	125,4	114,5	119,1
	Ársmeðaltal	119,6	123,5	113,1	116,8
1974	1. ársfj.	130,4	132,2	123,0	124,8
	2. "	134,4	141,7	127,4	134,3
	3. "	127,3	130,3	122,4	125,3
	4. "	126,0	129,2	118,5	121,5
	Ársmeðaltal	129,3	133,1	122,6	126,2
1975	1. ársfj.	114,3	113,6	108,0	107,3

Varðandi útreikning á kaupmætti skal undirstrikað:

Samkomulag samningsaðila vinnumarkaðarins frá 26. mars 1975 um 4900 kr. kauphækkun á mánuði, sem greiddast átti í fyrsta skipti fyrir marsmánuð er ekki inni í þessum ársfjórðungi þar sem fyrirtækin greiddu þessa kauphækkun yfirleitt ekki fyrr en í apríl. Kaupmáttur er vanmetin vegna þessa um ca. 4 1/2 stig.

KAUPMÁTTUR
VERKAKONUR


TAFLA 3.6	Kaupm. miðað við vísit.framf.kostn.		Kaupm. miðað við vísit.vöru og þjón.		
	tímak. í dagv.	meðaltk. án hd.	tímak. í dagv.	meðaltk. án hd.	
	1.	2.	3.	4.	
1966	90,4	91,6	94,2	95,4	
1967	97,0	96,8	101,1	100,9	
1968	88,6	88,3	92,1	91,8	
1969	84,5	84,5	86,1	86,1	
1970	92,7	91,9	93,6	92,8	
1971	100,0	100,0	100,0	100,0	
1972	1. ársfj.	117,0	116,7	112,9	112,6
	2. "	117,8	118,8	114,0	115,0
	3. "	120,9	120,6	117,0	116,7
	4. "	120,5	122,3	115,7	117,5
	Ársmeðaltal	119,1	119,6	114,9	115,5
1973	1. ársfj.	115,0	115,7	109,3	110,0
	2. "	117,3	118,5	110,0	111,1
	3. "	120,4	121,0	113,4	114,0
	4. "	119,1	121,9	113,2	115,8
	Ársmeðaltal	118,1	119,4	111,6	112,9
1974	1. ársfj.	131,7	136,5	124,3	128,8
	2. "	128,3	129,1	121,6	122,3
	3. "	120,9	121,6	116,3	117,0
	4. "	117,8	121,1	110,8	113,9
	Ársmeðaltal	124,1	126,4	117,7	119,9
1975	1. ársfj.	106,7	106,2	100,9	100,3

KAUFMÁTTUR
IDNADARMANNA

TAFLA 3.7	Kaupm. miðað við vísit.framf.kostn.		Kaupm. miðað við vísit.vöru og þjón.		
	tímak. í dagv.	meðalk. án hd.	tímak. í dagv.	meðalk. án hd.	
	1.	2.	3.	4.	
1963	73,6	74,6	78,4	79,5	
1964	76,0	78,7	80,8	83,7	
1965	84,9	90,5	90,1	96,1	
1966	95,3	99,8	99,3	104,0	
1967	96,5	100,5	100,5	104,8	
1968	88,1	91,1	91,6	94,7	
1969	81,6	83,2	83,2	84,8	
1970	90,0	90,2	90,8	90,7	
1971	100,0	100,0	100,0	100,0	
1972	1. ársfj.	113,8	114,3	109,8	110,3
	2. "	113,1	115,9	109,4	112,2
	3. "	116,2	118,3	112,5	114,4
	4. "	118,5	121,2	113,8	116,4
	Ársmeðaltal	115,4	117,5	111,4	113,4
1973	1. ársfj.	113,2	115,0	107,6	109,4
	2. "	115,8	119,9	108,6	112,4
	3. "	119,6	123,7	112,7	116,6
	4. "	122,0	126,2	115,9	119,9
	Ársmeðaltal	117,8	121,5	111,4	114,9
1974	1. ársfj.	127,5	129,7	120,3	122,4
	2. "	142,3	151,4	134,9	143,5
	3. "	134,0	138,8	128,8	133,4
	4. "	125,9	130,1	118,4	122,3
	Ársmeðaltal	132,2	137,3	125,4	130,2
1975	1. ársfj.	113,0	113,4	106,8	107,1


Kaupmáttur greidds tímakaups
 Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
 1971 = 100

Línurit 3.3



Kaupmáttur greidds tímakaups
 Miðað við vísitölu vöru og þjónustu.
 1971 = 100

Línurit 3.4



Skráð atvinnuleysi.

Tafla 4.1 sýnir fjölda atvinnulausra samkvæmt atvinnuleysis-skráningu félagsmálaráðuneytisins eftir mánuðum fyrir árin 1973 til 1975 og ársmeðaltöl árána 1972, 1973 og 1974.

Ef litið er á tölur fyrir árið 1975 kemur í ljós, að skráð atvinnuleysi þrjá fyrstu mánuði ársins er svipað og síðast liðin ár. Hins vegar er skráð atvinnuleysi mun meira nú í apríl og maí. Þannig eru í lok maí 1281 skráður atvinnulaus samanborið við 383 á sama tíma 1974 og 366 1973. Orsakanna má vafalítið rekja til stöðvunar stóru togaranna, en verkfall á þeim hófst 9. apríl 1975. Verulegs atvinnuleysis hefur gætt á þeim stöðum, sem þeir hafa verið gerðir út frá.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skráð atvinnuleysi 31. maí s.l. í Reykjavík, Akranesi, Akureyri og Hafnarfirði (til samanburðar eru sýndar tölur fyrir tvo mánuði þar á undan og sömu mánuði 1974.)

	1975					1974		
	31/3	30/4	31/5			31/3	30/4	31/5
			Ka.	Ko.	Samt.			
Akranes	8	14	4	139	143	70	77	65
Akureyri	25	68	39	147	186	14	6	2
Hafnarfjörður	28	23	18	53	71	7	1	7
Reykjavík	144	307	235	418	653	87	91	152
Samtals	205	412	296	757	1053	178	175	226

Á þessum fjórum stöðum var 82,2% heildaratvinnuleysisins. Og af þeim 1053, sem voru atvinnulausir á umræddum 4 stöðum voru 757 konur eða 71,9%.

Skráðir atvinnuleysisdagar áöllu landinu 1975:

febrúar	11837
mars	8365
apríl	7871
maí	12788

Með lögum nr. 57 7. maí 1928, um atvinnuleysissskýrslur, var öllum bæjarstjórnnum á landinu gert að skyldu að safna skýrslum um atvinnuleysi fjórum sinnum á ári, 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Samkvæmt lögum þessum hófst ársfjórðungsleg skráning á atvinnuleysi í Reykjavík, sem til er samfelld frá 1929. Tafla 4.2 sýnir ársfjórðungslega skráningu atvinnulausra frá 1929 - 1975.

Fjöldi atvinnulausra á skrá
í lok mánaðar 1972 - 1975.

Tafla 4.1

<u>1972</u>	Reykjav.- svæði 1)	Reykja- nes 1)	Vestur- land	Vest- firðir 2)	Norðurl- vestra 2)	Norðurl- eystra	Austur- land	Suður- land	Vestm. eyjar	Alls 444	Atvinnul. % af heilðar- mannaflo
Ársmeðaltal	63	1	14	3	165	117	51	19	11		
<u>1973</u>											
Janúar	115	0	29	3	145	193	115	58	0	658	0,8
Febrúar	52	0	23	2	175	244	49	16	0	561	0,7
Mars	45	0	1	1	176	130	45	0	0	398	0,5
Apríl	29	0	1	2	186	39	33	0	0	290	0,3
Mái	151	0	1	2	167	31	14	0	0	366	0,4
Júní	30	0	2	1	187	4	1	0	0	225	0,2
Júlí	17	0	3	0	102	2	0	0	0	124	0,1
Ágúst	13	0	0	0	104	2	0	0	0	119	0,1
September	13	0	33	0	97	0	0	1	0	144	0,2
Október	51	0	50	0	51	0	0	22	0	174	0,2
Nóvember	120	60	44	1	74	69	28	89	0	485	0,6
Desember	149	78	32	0	176	127	153	75	0	790	0,9
Ársmeðaltal	65	12	18	1	137	70	36	22	0	361	0,4
<u>1974</u>											
Janúar	283	35	70	29	243	100	81	101	0	942	1,1
Febrúar	67	1	51	29	207	93	58	65	0	571	0,7
Mars	116	8	70	2	104	33	94	26	0	453	0,5
Apríl	113	1	77	7	106	7	30	0	0	341	0,4
Mái	159	0	78	19	78	2	47	0	0	383	0,4
Júní	53	0	14	21	28	3	32	0	0	151	0,2
Júlí	36	0	26	18	33	6	0	0	0	119	0,1
Ágúst	38	0	10	6	64	24	0	0	0	142	0,2
September	53	0	10	11	46	24	2	28	0	174	0,2
Október	50	20	5	1	58	3	19	58	0	214	0,2
Nóvember	57	25	12	1	78	31	52	63	0	319	0,4
Desember	78	42	10	0	98	165	155	63	0	611	0,7
Ársmeðaltal	92	11	36	12	95	41	47	34	0	368	0,4
<u>1975</u>											
Janúar	152	72	84	2	136	246	192	52	0	936	1,0
Febrúar	162	44	9	3	99	139	125	47	0	628	0,7
Mars	180	26	12	2	121	102	78	1	0	522	0,6
Apríl	342	25	14	2	109	81	21	0	0	594	0,7
Mái	739	26	159	0	86	243	16	12	0	1281	1,4

Skýringar:

- 1) Til Reykjavíkursvæðisins teljast auk Reykjavíkur, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðahreppur, Hafnarfjörður og Mosfellshreppur, en aðrir staðir á Reykjanesi eru taldir til Reykjaness.
- 2) Dranganes og Hólmavík eru hér talin til Norðurlands vestra.

Heimild: Félagsmálaráðuneytið.

Ársfjórðungsleg skráning atvinnulausra
karla og kvenna í Reykjavík 1929-1975.

<u>Ár/mán.</u>	<u>1.febrúar</u>	<u>1.maí</u>	<u>1.ágúst</u>	<u>1.nóvember</u>
1929	165	5	22	48
1930	39	3	-	90
1931	525	59	106	623
1932	550	205	633	731
1933	623	268	226	569
1934	544	190	390	719
1935	599	432	252	510
1936	596	720	226	609
1937	789	282	199	617
1938	690	345	316	804
1939	473	451	256	792
1940	526	459	166	100
1941	-	-	-	-
1942	-	-	-	-
1943	56	2	1	3
1944	61	-	1	21
1945	23	-	2	-
1946	2	-	-	1
1947	3	10	-	71
1948	37	42	14	19
1949	135	86	-	22
1950	221	42	75	251
1951	418	64	22	270
1952	718	70	52	81
1953	98	4	1	8
1954	4	2	2	8
1955	5	1	1	1
1956	8	-	1	-
1957	1	4	-	-
1958	20	-	-	-
1959	-	-	-	-
1960	-	-	-	-
1961	8	-	-	-
1962	-	-	-	-
1963	-	-	-	-
1964	1	-	-	1
1965	-	-	-	-
1966	-	-	-	-
1967	-	-	1	1
1968	467	32	210	79
1969	1361	380	439	364
1970	602	178	124	83
1971	157	89	66	65
1972	95	47	19	34
1973	91	29	17	50
1974	144	91	33	43
1975	112	307	-	-

Samningar 13. júní 1975.

Alþýðusamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands gerðu með sér samning 13. júní 1975, sem gildir frá undirskriftardegi til 31. desember 1975.

Helstu atriði samningsins eru:

- 1) Þeir launþegar, sem ekki nutu að fullu launajöfnunarbóta skv. lögum nr. 13/1975 kr. 3.500 á mánuði m. v. fulla dagvinnu skulu njóta þeirra frá samningsdegi með sama hætti og þeir, sem nutu þeirra óskertra.
- 2) Þeir launþegar, sem ekki fengu fulla 4.900 kr. hækkun mánaðarlauna skv. bráðabirgðasamkomulagi ASÍ og atvinnurekenda frá 26. mars 1975, skulu njóta hennar frá samningsdegi með sama hætti og þeir, sem nutu hennar óskertrar.
- 3) Laun samkvæmt framansögðu hækka um 5.300 kr. á mánuði í öllum launaflokkum og afbrigðum þeirra frá samningsdegi. Þau laun hækka um 2.100 kr. á mánuði frá 1. október 1975. Sama krónutöluhækkun komi á mánaðarkaup allra m. v. fulla dagvinnu.
- 4) Grunntölur launabáttar reiknitalna í afkastalaunakerfum (ákvæðisvinna og bónuskerfi) hækka um 87,5% þeirrar hundraðstölu, sem viðmiðunartaxtar þeirra í tímavinnu hafa hækkað af völdum 3.500 kr. launajöfnunarbóta og 4.900 kr. skv. bráðabirgðasamkomulagi. (Með þeirri undantekningu þó, að útreikningstölur ákvæðisvinnu verkamanna og Iðjufólks, sem byggðar eru á "Leiðbeiningum um undirbúning og framkvæmd vinnurannsókna" skulu hækka um sama hlutfall og viðmiðunartaxtinn). Launabáttur reiknitalna afkastalaunakerfa skal síðan hækka um sömu hundraðstölu og viðmiðunartaxtinn.
- 5) Ef vísitala farmfærslukostnaðar 1. nóvember 1975 verður hærri en 477 stig, skulu laun samkvæmt samningum hækka frá 1. desember 1975 í hlutfalli við hækkun vísitölnunnar umfram þetta mark. Við útreikning umframhækkunar skal miða við framfærsluvísistölu 1. nóvember 1975, að frádreginni þeirri hækkun hennar, er leitt hefur af hækkun á vinnulið

verðlagsgrundvallar búvöru eftir 1. maí 1975, vegna launahækkana á almennum vinnumarkaði. Frá framfærsluvísitölu 1. nóvember 1975 skal einnig draga þá hækkun hennar, er kann að hafa orðið eftir 1. maí 1975 vegna hækkunar á útsöluverði áfengis og tóbaks. Kauplagnesnefnd framkvæmir útreikninga þessa og tilkynnir hækkun launa frá 1. desember 1975, ef til hennar kemur.

Launahækkun þessi þýðir, að lægstu almennu kauptaxtar verkalyðsfélaganna hækka um 12,5% 13. júní 1975 og þau laun hækka um 4,4% 1. október 1975. Þar sem sama krónutala kemur á öll mánaðarlaun verða hlutfallslegar hækkanir minni eftir því, sem um herra kaup er að ræða. Þeir launþegar, sem ekki fengu 3.500 kr. launahækkun 1. október 1974 og/eða 4.900 kr. 1. mars 1975 fá þá hækkun hins vegar frá samningsdegi, þannig að laun þeirra hækka þá þeim mun meira, sem því nemur. Lauslegt mat bendir til þess, að samanvegið sé hér um að ræða 11,8% hækkun á tímakaup-taxta hjá verkakönnum 13. júní 1975, sem hækka um 4,2% 1. október 1975, 11,3% hækkun tímakaup-taxta verkamanna, sem hækka um 4,0% 1. október 1975, 10,9% kauptaxtahækkun hjá verslunarfólki 13. júní 1975, sem hækka um 3,6% 1. október 1975, 11,2% tímakaup-taxtahækkun iðnaðarmanna, sem hækka um 3,2% 1. október 1975.

Samanvegið fyrir þessa starfshópa er um 11,2% kauphækkun að ræða 13. júní 1975 og 3,7% 1. október 1975.

Til þess að greiða fyrir samningum gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um, að hún myndi beita sér fyrir, að sú hækkun á mjólk, smjöri og kindakjöti, sem fram átti að koma 1. júní 1975 komi ekki til framkvæmda á gildistíma kjarasamningsins. Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að aðilar vinnu-markaðarins fái aðild að endurskoðun laga og reglugerða um ákvörðun búvöruverðs.